



SKEIÐA - OG GNÚPVERJA- HREPPUR

AÐALSKIPULAGSBREYTING - Hvammsvirkjun

Lýsing



STEINSHOLT

7. desember 2016

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	3
2	LÝSING BREYTINGAR	3
3	UMHVERFISÁHRIF	4
4	SAMRÁÐ OG KYNNING	4

Forsíða

Mynd 1 – Goggle Eart – sýnir fyrirhugað lónstæði ofan Þjórsárdalsveggar úr landi Fossnes og Haga.

1 INNGANGUR


Sveitarfélagið vinnur að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016. Breytingin tekur til uppdráttar, þar sem sýnd er breyting á Hagalóni, sem gert verður þegar Hvammsvirkjun verður byggð og breytingu á veltengingu Gnúpverjavegar við Þjórsárdalsveg. Lýsing þessi er unnin skv. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um lýsingu á skipulagsverkefni og áherslum sveitarstjórnar. Lýsingin verður afgreidd af sveitarstjórn áður en hún verður kynnt íbúum með auglýsingu og á heimasíðu sveitarfélagsins. Samhliða því verður hún send Skipulagsstofnun og til annarra umsagnaraðila.

2 LÝSING BREYTINGAR

Við gerð aðalskipulags árið 2006 var skipulagi frestað á því svæði sem tók til Hagalóns. Með síðari breytingu aðalskipulags sem unnin var af Landslagi ehf og staðfest í feb. 2011 var gert ráð fyrir virkjun við Hvamm annars vegar (Hvammsvirkjun) og við Akbraut í Holtum (Holtavirkjun) hins vegar. Þar var gert ráð fyrir Hvammslóni og breyttri legu Þjórsárdalsvegar. Í umhverfisskýrslu aðalskipulagsbreytingar (kafla 2.1.1) kemur fram að ráðast þurfi í nokkra vegagerð vegna virkunar þar sem „um 3 km kafli af Þjóðvegi nr. 32, Þjórsárdalsvegi, mun hverfa undir Hagalón. Þá mun austasti hluti Gnúpverjavegar nr. 325, þar sem hann mætir Þjórsárdalsvegi, hverfa undir Hagalón“.

Þá kemur fram (kafla 2.1.1.1.) að „Inntakslón mun fara yfir hluta af túnnum og beitolöndum þriggja bæja í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem eiga land að fyrirhuguðu Hagalóni. Bæirnir Hagi og Fossnes koma til með að missa mest landsvæði undir lónið ...“

Það var því gert ráð fyrir þessum breytingum í greinargerð en á skipulagsuppdrætti láðist að gera ráð fyrir færslu austasta hluta Gnúpverjavegar og um 10 ha totu Hagalóns sem liggur ofan Þjórsárdalsvegar.



Mynd 2. Breytt lega Hagalóns og breytt veltenging Gnúpverjavegar við Þjórsárdalsveg (rauður hringur) sett inn á Aðalskipulag Skeiða og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Í samningum við landeigendur og við nánari hönnun hefur heldur verið þrengt að lóninu og mun það því minnka heldur frá því sem gert var ráð fyrir í umræddri breytingu en þar var gert ráð fyrir Hagalóni, allt að 4,6 km².

Aðalskipulagsbreytingin snýr því eingöngu að breytingu á uppdrætti sveitarfélagsins.

3 UMHVERFISÁHRIF

Í umhverfisskýrslu greinargerðar vegna breytingarinnar sem gerð var 2011, er gert ráð fyrir breyttri legu Gnúpverjavegar vegna legu lónsins. Þá var gert ráð fyrir breyttri legu Þjórsárdalsvegar í greinargerð og á uppdrætti. Í mati á umhverfisáhrifum fyrir „Virkiun Þjórsár við Núp“ og endurskoðun á því mati, sem nú er í ferli, þá er gert ráð fyrir framangreindri útfærslu mannvirkja.

Í greinargerð með aðalskipulagsbreytingunni verður gerð grein fyrir helstu áhrifum vegna breytingar á vegum og breyttri legu lónsins, í samræmi við niðurstöðu umhverfismats áætlana fyrir fyrri breytingu. Lagt verður mat á hvort þörf er á að endurmeta einhverja þætti í eldra mati.

4 SAMRÁÐ OG KYNNING

Lýsing aðalskipulagsbreytingarinnar verður auglýst og kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins og send Skipulagsstofnun til umsagnar í samræmi við 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Hún verður auk þess send Rangárþingi ytra, Vegagerðinni, Umhverfisstofnun, Landsvirkjun o.fl. samhliða kynningu.

Breytingartillagan verður kynnt almenningi og hagsmunaaðilum áður en hún verður tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn, í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

VERKÞÆTTIR	2016 - 2017						
	Des.	Jan.	Feb.	Mars	Apr.	Maí	Júní
Lýsing – vinnsla / kynning	■						
Breyting aðalskipulags – kynning tillögu		■	■				
Afgreiðsla sveitarstjórnar – umsögn Skip.st.			■	■			
Auglýsing / athugasemdir við tillögu				■	■		
Afgreiðsla sveitarstjórnar					■	■	
Afgreiðsla Skip.st. / augl. í Stjórnartíðindum						■	■

Gert er ráð fyrir að lýsing skipulagsbreytingar verði kynnt og auglýst í des/jan. 2017. Þá er stefnt að því að kynna tillögu að breyttu aðalskipulagi í lok febrúar og að tillagan verði auglýst í mars/apríl mánuði.

Stefnt er að því að breytt aðalskipulag verði auglýst í Stjórnartíðindum vorið 2017.